

TILLAGA SAMNINGANEFNDAR EFLINGAR UM BOÐUN VINNUSTÖÐVUNAR

Samninganefnd Eflingar - stéttarfélags samþykkir að láta fara fram almenna leynilega raf-ræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar, svo sem lýst er í eftirfarandi:

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvun nær til tiltekinna starfa sem unnin eru hjá tilteknum fyrirtækjum skv. aðalkjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags sem gildi frá 1. apríl 2019 og rann út þann 1. nóvember 2022. Um tiltekin störf á einnig við sérkjarasamningur um kaup og kjör starfsmanna olíustöðva olíufélaganna sem er hluti af aðalkjarasamningi og með sama gildistíma og hann.

Vinnustöðvunin nær til:

- A. Alls vörubifreiðaaksturs sem sinnt er skv. kjarasamningum Eflingar af starfsmönnum fyrirtækjanna Samskip hf. (kt. 440986-1539) og Samskip innanlands ehf. (kt. 710169-4629) og sem gerður er út frá starfsstöðvum fyrirtækjanna á félagssvæði Eflingar skv. 1. gr. laga félagsins.
- B. Allrar vinnu við olíudreifingu sem sinnt er skv. kjarasamningum Eflingar af starfsmönnum fyrirtækjanna Skeljungur ehf. (kt. 630921-2010) og Olíudreifing ehf. (kt. 660695-2069) og sem gerð er út frá starfsstöðvum fyrirtækjanna á félagssvæði Eflingar skv. 1. gr. laga félagsins.

Skulu öll störf lögð niður ótímabundið klukkan 12:00 á hádegi miðvikudaginn 15. febrúar 2023 nema kjarasamningar hafi tekist eða vinnustöðvun verið frestað fyrir þann tíma.

Viðauki um atkvæðagreiðslu:

Atkvæðagreiðslu um boðun þessa skal lokið eigi síðar en kl. 20:00 þriðjudaginn 7. febrúar 2023.

Á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu um ofangreinda boðun vinnustöðvunar skulu vera þeir félagsmenn sem boðunin tekur til, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt „Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ“ samþykkt með áorðnum breytingum á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 20. desember 2017.

Viðauki um verkfallsstyrk:

Samninganefnd leggur til við stjórn vinnudeilusjóðs að upphæð verkfallsstyrks verði 25.000 kr. fyrir hvern þann dag sem félagsmaður missir laun vegna verkfalls, miðað við fulla vinnu, og að sú upphæð gildi jafnframt um aðrar samþykktar verkfallsboðanir.

Viðauki um undanþágunefndir:

Samninganefnd Eflingar skal setja á fót undanþágunefndir sem taki við beiðnum um undanþágur frá ofangreindum vinnustöðvunum. Í tilvikum þar sem almannaoöryggi krefst undanþágu frá vinnustöðvun að mati nefndanna skulu þær veita slíka undanþágu, að fenginni undanþágubeiðni þar sem þýðing undanþágunnar fyrir almannaoöryggi er rökstudd með skýrum og sannfærandi hætti. Aðilum sem starfa við löggæslu, brunavarnir, sjúkragæslu og aðra starfsemi sem varðar almannaoöryggi skal gert kunnugt um starfsemi undanþágunefnda og kynnt hvernig sótt er um undanþágur.

*Svo samþykkt á fundi samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 30. janúar 2023
kl. 20:00 í Félagsheimili Eflingar, 4. hæð í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.*